

Alþingi
Erindi nr. P 138/2969
komudagur 10.8.2010



SVÆÐISSKRIFSTOFA MÁLEFNA FATLAÐRA
VESTURLANDI

Borgarnes 9. ágúst 2010

**Umsögn til Nefndarsviðs Alþingis, við þingskjal 1258-658. mál.
Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr.
73/1969, með síðari breytingum.**

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vesturlandi fagnar framlögðu frumvarpi, sérstaklega stofnun nýs velferðarráðuneytis. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, þá skarast mörg verkefni sem í dag falla annars vegar undir félags- og tryggingamálaráðuneytið og hins vegar heilbrigðisráðuneytið. Að undanfögnu hefur verið unnið að flutningi verkefna á sviði velferðarmála, frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu til sveitarfélagana. Það er mjög brýnt að þessi þróun haldi áfram. T.d. að vel takist til með áætlaðan flutning á þjónustu við aldraða til sveitarfélagana. Til að þessi þróun skili tilætluðum árangri er mikilvægt að verkefni á sviði velferðarmála, sem í dag heyra undir heilbrigðisráðuneytið flytjist til sveitarfélagana. Þar ber sérstaklega að nefna heimahjúkrun. Með sameiningu þessara ráðuneyta er auðveldar að vinna áfram markvisst að þessari þróun.

Með nýju velferðarráðuneyti verður hægt að vinna marvisst að eflingu á ýmsum verkefnum velferðarþjónustunnar. T.d. varðandi forvarstarf. Það er mikilvægt að sameina eða efla samvinnu þjónustustofnana sem vinna að hliðstæðum verkefnum í velferðarþjónustunni. Nýtt sameinað velferðarráðuneyti styrkir þá þróun.


Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram sú mótsögn að nauðsynlegt sé að styrkja starfsemi ráðuneytanna, en á sama tíma feli þessi sameining í sér töluverðan sparnað. Svæðisskrifstofan vill taka undir mikilvægi þess að efla starfsemi ráðuneytanna en við viljum vara við því að það feli í sér mikinn sparnað, þó að slíkt sé æskilegt markmið.

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra á Vesturlandi fagnar því framkomnum tillögum um nýtt velferðarráðuneyti og það er mikilvægt að það komist til starfa sem fyrst.

Virðingarfyllt

Fh.

Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Vesturlandi


Magnús Þorgrímsson
framkvæmdastjóri